

## Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

[skipulagssvid@akureyri.is](mailto:skipulagssvid@akureyri.is)

12. janúar 2022

### Efni: Umsögn um breytingu deiliskipulags fyrir miðbæ Akueyrar

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

#### Hitaveita og vatnsveita

Heimlagnir hitaveitu og vatnsveitu eru sæmilega öflugar og þola einhverja viðbót. Hvort þær þoli allt það byggingarmagn sem áætlað er að bætist við þarf að skoða sérstaklega þegar búið verður að hanna vatnspörf viðbyggingarinnar, til dæmis ef krafa verður um sprinkler kerfi í húsi.

Það eru lagnir/heimlagnir að húsunum í Hofsbót, Skipagötu og Strandgötu í porti þar á milli, þær lagnir þarf sennilega að færa og aðlaga að Hofsbót 6.

Mikilvægt er að framkvæmdaraðili taki fullt tillit til þessara lagna og tryggja að heimæðar haldist virkar þ.e. skemmist ekki ef grafið verður ofan af þeim og þær verði óvarðar á meðan byggingu á Hofsbót 6 stendur.

#### Rafveita

Samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir 4G240mm<sup>2</sup> streng inn á lóðina að vestan. Innan lóðar liggja strengir sem eru í rekstri og ljóst að breyta þarf legu á bæði stofn- og heimtaugastrengjum. Mögulega setja ídráttarrör fyrir þá strengi sem þarf að færa til innan byggingarreits.

Samkvæmt byggingareglugerð skal gera ráð fyrir hleðslu rafbíla við nýbyggingar, sem best má sjá í meðfylgjandi gögnum er ekki komið inn á þá útfærslu.

Athygli er vakin á reglum sem gilda um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar (samþ. 18.09.18) og finna má á heimasíðunni [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

**Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.**

[www.map.is/no](http://www.map.is/no)

Bestu kveðjur,

*Gunnur Ýr Stefánsdóttir*  
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra